

Göngunefnd deildarinnar vill koma eftirfarandi á framfæri.

„Kæru félagar. Göngunefnd metur það svo að nú sé dagurinn orðinn nógu langur til að hægt sé að hefja æfingagöngur að nýju. Markmiðið er að vera með eina göngu í viku þar sem áhersla er lögð á að hundarnir venjist því að hlaupa með öðrum hundum og ganga með hópnum þess á milli. Það að finna rjúpur í æfingagöngum er auðvitað bónus sem við þiggjum með þökkum. Fyrsta gangan verður á morgun miðvikudag kl. 17. Hittingur við Sólheimakotsafleggjara. Allir að sjálfsögðu velkomnir, ekki síst þeir sem eru skráðir í næsta próf. Sjálfsagt verða þriðjudagar fyrir valinu sem göngudagar en það getur breyst þannig að endilega fylgist með tilkynningum á Facebook. Svo munu göngurnar færa yfir til kl.18. Núna er göngubjart til upb.19:30.“

